



Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum, þ. 1. september 2022 kl. 16:00.

Mætt: Björn Ingimarsson, Þórdís Sveinsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Tinna Jóhanna Magnusson, sem var í fjarfundi frá Borgarfirði eystri og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Rannveig Þórhallsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar Hulda Sigurdís Þráinsdóttir mætti í hennar stað.

Dagskrá:

1. Skoðunar- og upplýsingaferð stjórnar um Safnahúsið
2. Stjórn skiptir með sér verkum.
3. Fjárhagsáætlun 2023.
4. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi.
5. Önnur mál.

1. Skoðunar- og upplýsingaferð stjórnar um Safnahúsið

Í upphafi fundar fór stjórn í kynnisferð um Safnahúsið með leiðsögn Elsu Guðnýjar Björgvinsdóttir safnstjóra Minjasafnsins.

2. Stjórn skiptir með sér verkum.

Lögð var fram tillaga um Björn Ingimarsson sem formann stjórnar, Þórdísi Sveinsdóttur sem varaformann og Vilhjálmur Jónsson sem ritara sem var samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2023.

Safnstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Stjórn samþykkir áætlunina og vísar til afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.

4. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi.

Elsa Guðný flutti skýrslu safnstjóra um starfsemi safnsins undanfarna mánuði.

Í júní og júlí var safnið opið alla daga frá 10:00-18 en í ágúst var safnið opið á milli 9:00 og 16:00 á virkum dögum og 10:00 og 16:00 um helgar. Skýrðist breyttur opnunartími af ófyrirséðum breytingum á starfsmannahaldi í ágúst. Safnið var vel sótt í sumar en rúmlega 1800 manns sóttu það heim í júní, júlí og ágúst og hafa aldrei verið fleiri. Skýrist fjölgunin fyrst og fremst af fjölgun hópa út skemmtiferðaskipum en 730 manns heimsóttu safnið í skipulögðum ferðum í tengslum við komur skemmtiferðaskipa til Seyðisfjarðar.

Í júní sóttu starfskonur safnsins námskeið í þrívíddarljósmyndum sem Gunnarsstofnun stóð fyrir í samstarfi við St. Andrews háskólann í Skotlandi. Námskeiðið fór fram í Minjasafninu og stóð öllu safnafólki á Austurlandi til boða.

Í maí stóðu Minjasafnið og Héraðsskjalasafn Austfirðinga fyrir fyrirlestri þar sem dr. William Short og Reynir A. Óskarsson fjölluðu um bardagaaðferðir víkinga.

Safnstjóri tók þátt í málþingi um varðveislumál safna sem Safnaráð, FÍSOS og Íslandsdeild ICOM stóðu fyrir í maí. Þar kynnti hún hugmyndir um sameiginlegt varðveisluhúsnæði á Austurlandi með Elfu Hlín

Sigrúnar Pétursdóttur frá Tækniminjasafni Austurlands og Steinunni Maríu Sveinsdóttur safnstjóra Flugsafns Íslands.

Framundan eru fjölbreytt verkefni. Má þar nefna að safnið kemur að vinnustofunni Fljótsdælskar gersemar – hönnunarsmiðja fyrir hagleiksfólk í byrjun september. Þá mun Farskóli FÍSOS, árleg fagráðstefna Félags íslenskra safna og safnmanna, fara fram á Hallormsstað 21.-23. september og heldur safnið utan um skipulagningu hennar ásamt Tækniminjasafni Austurlands og Safnastofnun Fjarðabyggðar. Safnið mun venju samkvæmt taka virkan þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi og í bígerð er samstarf Minjasafnsins, Bókasafns Héraðsbúa og félagsmiðstöðva í Múlaþingi. Síðast en ekki síst er framundan vinna við hönnun nýrrar burstar við Safnahúsið.

Fram fór ítarleg umræða um skýrsluna og um uppbyggingaráform húsnæðisins og möguleika því tengda í Safnahúsinu.

Stjórn lýsir mikilli ánægju með starfsemi safnsins á árinu.

5. Önnur mál.

5.1 Starfsstefna Minjasafnsins

Rætt um starfsstefnu Minjasafnsins sem rann út um síðustu áramót og því tengt undirbúning að gerð menningarstefnu fyrir Múlaþing og vinnu við gerð svæðisskipulag Austurlands.

Stjórn Minjasafns Austurlands áréttar bókun stjórnar Minjasafns Austurlands frá 24. febrúar s.l. þar sem fram kom að stjórnin teldi það vera á ábyrgð sveitarstjórna Múlaþings og Fljótsdalshrepps að setja sér menningarstefnu þar sem hlutverk safna er skilgreint og í framhaldi af því sé unnin stefna fyrir Minjasafn Austurlands.

5.2. Rekstrarfyrirkomulag safnsins

Rætt um rekstrarfyrirkomulag safnsins sem hefur verið til umfjöllunar aðildarsveitarfélaganna og möguleika sem kunna að felast í breyttu fyrirkomulagi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.50.

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson